

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Selholt, L205326.*

Deiliskipulagið tekur til landsins Selholts, L205326 og felur í sér skilgreiningu á byggingarreitum fyrir íbúðarhús, vélageymslu, reiðhöll og hesthús.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júní 2020.

*Deiliskipulagsbreyting, Hlíð 27 og 28, Kiðjabergi.*

Gerð er breyting á deiliskipulagi Kiðjabergs, fyrir lóðirnar Hlíð 27 og 28, sem felur í sér að lega lóðar nr. 27 breytist með þeim hætti að hún er færð fast upp að lóð nr. 28. Stærð lóðar og byggingarreits haldast óbreytt utan þessarar tilfærslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. júní 2020.

*Deiliskipulagsbreyting, Hestur, lóð 90, L168596.*

Gerð er breyting á skilmálum er varðar byggingarefni og hámarksgrunnflöt bygginga. Felld er niður kvöð er varðar skilmála um að hús skuli vera úr timbri eða öðru léttu byggingarefni. Gerð byggingarefna húsa er gefin frjáls, en kvaðir um litaval haldast óbreyttar. Skilmálar er varða hámarksgrunnflöt húsa breytist úr 150 m<sup>2</sup> í 200 m<sup>2</sup>. Skilmálar deiliskipulags breytast að öðru leyti ekki.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. október 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**